

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykhólahrepps, nr. 130 29. janúar 1980, með síðari breytingum.

4. gr. orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a. Fastagjald fyrir hvern hemil kr. 17,50 á mánuði.
- b. Vatnsgjald kr. 29,10 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

6. gr. orðist svo:

Heimædagjöld Hitaveitu Reykhólahrepps skulu vera kr. 2 910,00 fyrir hvert einbýlishús.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 5. febr. 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 15/1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1982.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur nr. 461 1. nóvember 1979, með síðari breytingum.

3. gr. orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 0,30 fyrir hverja kílóvattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 2,65 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu. Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 14,20.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að takmarka vatnsrennsli til húsa um stillanlega hemla og miðast gjald fyrir selda orku við það mark sem hemillinn er stilltur á. Gjald fyrir hvern mínútulítra á mánuði skal vera kr. 266,00.

Orkubú Vestfjarða stillir hemil, sbr. 3. mgr., að ósk notanda og heitir stillingu, ef notandi fer fram á það við Orkubúið.

Hæsta stilling hemils gildir í eitt ár í senn miðað við 1. september—31. ágúst, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

Framangreind hitaveitugjöld má krefja mánaðarlega.

5. gr. orðist þannig:

Heimædagjöld fyrir hitaveitur Orkubús Vestfjarða skulu vera sem hér segir:

- a) Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun:
 

Lágmarksgjald fyrir mælagrind og fyrstu 300 rúmmetra húsnæðis . . .	kr. 10 600,00
Fyrir hvern rúmmetra húsnæðis fram yfir fyrstu 300 . . . . .	kr. 8,60